

Upphrópanir (uh.)

Upphrópun nefnist smáorð sem kallað er upp, sjálfrátt eða ósjálfrátt og lýsir t.d. undrun, gleði, sorg.

Dæmi: hæ, hó, æ, ó, ú, uss, já, nei, jú.

Upphrópanir jafngilda oft heilum setningum og geta stundum orðið að nafnorði. Nafnorð sem verður til úr upphrópun bætir við sig greini eins og önnur nafnorð. Dæmi: Hörður er ekki spar á neiin.

Verkefni

1. Settu viðeigandi upphrópun á línurnar. Ha, uss, iss, vá, úbs, jibbí, æ, jæja, ó, hæ.

_____, ekki hafa hátt. _____, hvað þetta er flott. _____, missti pottinn. _____ meiddi mig. _____, varstu að segja eitthvað? _____, þetta er ekkert mál. _____ hvað þetta var vont. _____, eigum við að koma? _____, ég vann! _____, gaman að sjá þig.

2. Búðu til málgreinar með upphrópununum já, svei, hí, á.

3. Finndu upphrópanirnar og strikaðu undir þær.

Sagðirðu ha? Stína hrópaði æ! Svei stráskömminni. Hæ, nú er gaman. Æ, þetta er ömurlegt. Uss, segðu þetta ekki. Ó, hve þetta er dásamlegt. Þei, þei, hlustaðu. Ha? Æi, láttu mig í friði. Hæ, hæ, nú verður gaman. Jú, jú, þetta er alveg satt. Nei, sko. Hó, hó, hrópar karlinn. Kemurðu með? Já, ég kem. Áhorfendur púa á dómarann. Ú, ú, út af með dómaran, inn á með konuna hans. Varstu duglegur í dag? O, sei, sei, já.